NÁTTÚRUSTOFA VESTFJARÐA

Aðalstræti 12
415 Bolungarvík
nave@nave.is

Könnunarskurðir í landi Rauðabergs í Austur-Skaftafellssýslu

Kristín Sylvía Ragnarsdóttir

Júlí 2025

NV nr. 20-25

EFNISYFIRLIT

1. GRUNNUPPLÝSINGAR 2
2. TÆKNILEG ATRIÐI 3
2.1 Útdráttur 3
2.2 Forsaga rannsóknar 3
2.3 Stjórnsýsla og fjármögnun 4
2.4 Almennar upplýsingar um rannsóknina 4
2.5 Uppmælingakerfi og aðferðir á vettvangi 4
2.6 Stærð og umfang uppgraftar 5
3. FORNLEIFARANNSÓKNIN Á RAUÐABERGI II 6
3.1 Könnunarskurður 1 6
3.2 Könnunarskurður 2 7
3.3 Könnunarskurður 3 8
3.4 Könnunarskurður 4 9
3.5 Könnunarskurður 5 10
3.6 Könnunarskurður 6 11
3.7 Könnunarskurður 7 12
3.8 Könnunarskurður 8 13
3.9 Könnunarskurður 9 14
3.10 Könnunarskurður 10 15
3.11 Könnunarskurður 11 16
3.12 Könnunarskurður 12 17
3.13 Könnunarskurður 13 18
3.14 Könnunarskurður 14 19
3.15 Könnunarskurður 15 20
3.16 Könnunarskurður 16 21
4. GRIPIR OG SÝNI 22
5. NIÐURSTÖÐUR 22
6. HEIMILDASKRÁ 23
7. KORT 16
8. TEIKNINGAR 17
9. SKRÁR 18
9.1 Contextaskrá 18
9.2 Ljósmyndaskrá 23
9.3 Teikningaskrá 27

1. GRUNNUPPLÝSINGAR

Rannsóknarnúmer: 202505-0142

ÞJMS-númer: 2025-26

Stutt lýsing rannsóknar:

Könnunarskurðir á byggingareit á jörðinni Rauðaberg II í Austur- Skaftafellssýslu.

Tegund rannsóknar:

Könnunarskurðir

Staðsetning

Rauðaberg II, Sveitafélaginu Hornafjörður

GPS hnit

Rauðaberg II, ISN93: A: 671094 ,N: 431454

Rannsóknartími: 9-11 júní 2025

Leyfishafi

Kristín Sylvía Ragnarsdóttir

Fjöldi starfsmanna: 2: Kristín Sylvía Ragnarsdóttir & Atli Rúnarsson



2. TÆKNILEG ATRIÐI

2.1 Útdráttur

Fornleifadeild Náttúrustofu Vestfjarða gerði fornleifarannsókn á deiliskipulagsreit á jörðinni Rauðaberg II í sveitarfélaginu Hornafjörður í Vestur Skaftafellssýslu. Minjastofnun Íslands fór fram á að svæðið yrði rannsakað með könnunarskurðum áður en framkvæmdir hefjast til að kanna hvort fornleifar væru að finna innan svæðis. Fyrirhugað er að reisa hótel ásamt bílastæði, aðkomuvegi og rotþró í túni suðvestan við bæjarstæði Rauðabergs. Framkvæmdarsvæðið er 3850 m2 að stærð og var gert ráð fyrir að skurðir næðu yfir 10% af fyrirhuguðu framkvæmdarsvæði. Alls voru grafnir 16 mislangir skurðir víðsvegar um svæðið. Engar fornleifar voru að finna í skurðunum.



Mynd 1. Tillaga að deiliskipulagi á Rauðabergi II. Fyrirhuguð hótelbygging, bílastæði, aðkomuvegur og rotþró eru sjáanleg innan blá svæðisins (Þingvangur.2024). Skurðir voru grafnir innan afmörkun könnunarsvæðis.

2.2 Forsaga rannsóknar

Vorið 2024 gerði Fornleifastofnun Íslands ses. fornleifaskráningu og húsakönnun fyrir skipulagssvæðið í heimatúni að Rauðabergi II. Voru þar skráðar 67 fornleifar á 10,8 ha stóru svæði. Niðurstöður skráningarinnar birtust í skýrslunni Rauðaberg í Mýrahreppi. Húsa- og fornleifakönnun vegna deiliskipulags.[1]

[1] Sólveig G. Beck, Kristjana Vilhjálmsdóttir og Brynja Árnadóttir. 2024. Skýrsla nr. FS987-24071

2.3 Stjórnsýsla og fjármögnun

Að beiðni Péturs Bolla Jóhannessonar hjá Þingvangi gerði fornleifadeild Náttúrustofu Vestfjarða fornleifarannsókn með gerð könnunarskurða.

Minjastofnun Íslands fór fram á mótvægisaðgerðir innan jarðamarka Rauðabergs II í byrjun árs 2025. Þær mótvægisaðgerðir sem farið var fram á eru sjáanlegar í bréfi Minjastofnunar frá 10. Janúar 2025. Þar segir;

> Miðað er við að könnunarskurðir nái yfir um 10% af fyrirhuguðu framkvæmdarsvæði, í þessu tilviki hótels og bílastæðis auk tengingar á milli þessara tveggja sem og þar sem áformað er að koma fyrir rotþró. Staðsetning skurða skal ákveðin í samráði við Minjastofnun Íslands af viðkomandi fornleifafræðingi sem tekur að sér verkið. Gert er ráð fyrir eins meters breiðum skurðum en lengd þeirra er mismunandi eftir þörfum. Grafa þarf niður að mannvistarlögum eða niður fyrir þau eftir atvikum til að átta sig á eðli þeirra. Að öllu jöfnu er grafið niður í óhreyfða eða steríla mold en ef greinileg mannvirki koma í ljós skal hafa samráð við Minjastofnun Íslands um hvort grafa megi niður úr þeim.
>
> Framkvæmdarsvæðið er tvískipt. Matshluti 1 er hótelbyggingin ásamt bílastæði, aðkomuvegi og rotþró en matshluti 2 er ef til stækkunar kemur á byggingunni síðar. Í heild er framkvæmdarsvæðið um 3850m2 að stærð. Gert er ráð fyrir að skurðirnir nái yfir allt að 10% af fyrirhuguðu framkvæmdarsvæði sem þýðir að skurðir þurfa að ná yfir allt að 385m2 svæði. Dýpt þeirra fer eftir jarðvegi og mannvistarlögum svæðisins hverju sinni. Ef að í ljós kemur, á meðan á verkinu stendur, að lítil sem engin mannvist er á svæðinu gæti þessi prósentutala lækkað. Ákvörðun þess efnis verður tekin af Minjastofnun Íslands í samráði við rannsóknaraðila.[2]

2.4 Almennar upplýsingar um rannsóknina

Við rannsóknina störfuðu tveir fornleifafræðingar hjá Náttúrustofu Vestfjarða. Stjórnandi var Kristín Sylvía Ragnarsdóttir. Rannsóknin stóð yfir frá 9-11. júní 2025. Veður var að mestu þurrt og lítill vindur. Kristín Sylvía Ragnarsdóttir fornleifafræðingur sá um skýrslugerð og tölvuteikningar.

2.5 Uppmælingakerfi og aðferðir á vettvangi

Grafnir voru 16 könnunarskurðir innan fyrirhugaðs byggingarreits á Rauðabergi II. Við uppgröft á skurðum var notast við gröfu sem hafði 1 m breiða ótennta skóflu. Þingvangur útvegaði gröfumann fyrir verkið og fær hann sérstakar þakkir fyrir samstarfið. Skurðirnir voru grafnir niður á óhreyft og var dýpt þeirra mismunandi. Snið skurðanna voru hreinsuð og hverri einingu lýst og skráð, myndir teknar og snið teiknuð upp. Þar sem engin ummerki um mannvist fannst í skurðunum var einungis teiknaður 1m af hverju sniði í skalanum 1:10.

Engir gripir eða dýrabein fundust við rannsóknina.

Svæðið var myndað með dróna bæði fyrir og eftir að skurðir voru teknir. Könnunarskurðir voru mældir upp með Trimble juno 5 uppmælingatæki, sem er með um 10 cm skekkju og notast var við Ísnet93 hnitakerfið.

[2] Bréf minjastofnunnar frá 10.janúar 2025. ÞEH/SIT.

2.6 Stærð og umfang uppgraftar

Fyrirhugaður byggingarreitur er 3850 m2 á stærð og var áætlað að grafa skurði sem náðu yfir 10% af svæðinu, þ.e. 385 m2. Á miðju svæði var staðsettur skurður og rotþró frá húsinu á Rauðabergi II og því ekki hægt að grafa skurði á því svæði. Minnkaði við það prósentuhlutfall áætlaðra skurða frá 385 m^2 niður í 249.5 m^2. Alls voru 256m^3 grafnir á svæðinu.

Tafla 1. Stærð og rúmmetrar hvers skurðar fyrir sig.

Skurður	Stærð	Rúmmetrar (m^3)
1	5 x 1 x 0.60	3
2	5 x 1 x 0.80	4
3	5 x 1 x 0.80	4
4	5 x 1 x 1	5
5	5 x 1 x 0.90	5
6	20 x 1 x 1	20
7	20 x 1 x 1.05	21
8	32.5 x 1 x 1.10	36
9	20 x 1 x 1	20
10	20 x 1 x 0.87	18
11	20 x 1 x 0.90	18
12	20 x 1 x 0.90	18
13	20 x 1 x 1	20
14	24 x 1 x 0.95	23
15	10 x 1 x 1	10
16	43 x 1 x 0.70	31

3. FORNLEIFARANNSÓKNIN Á RAUÐABERGI II

3.1 Könnunarskurður 1

Könnunarskurður 1 var 5 m á lengd, 1 m á breidd og 0.40-0.60 m djúpur. Alls voru tvö jarðlög skráð í skurðinum. Voru það yfirborð (101) og náttúrulegur jarðvegur (102). Yfirborðslagið (101) var brúnn siltaður sandur með mikið af steinum og möl. Lagið virðist vera meira raskað og þurrara en yfirborðlag í öðrum skurðum sem voru grafnir á svæðinu. Lagið var um 0.40 m á þykkt og lá beint ofan á náttúrulegri möl. Náttúrulegi jarðvegurinn (102) var rauðbrún möl og sandur með mjög mikið af smáum steinum. Mölin er grófari í norður enda og fínni í suður enda skurðar. Engar mannvistarleifar voru sjáanlegar í skurðinum og voru engin sýni tekin.

Mynd 2. Horft yfir könnunarskurð 1 til suðurs. Ljsm: KSR.



Mynd 3. Snið og sniðteikning sem snýr í vestur á könnunarskurði 1. Ljsm og teikning: KSR.

3.2 Könnunarskurður 2

Könnunarskurður 2 var 5 m á lengd, 1 m á breidd og 0.50-0.80 m djúpur. Efst var 0.28 m þykkt yfirborðslag (201) sem var brúnn siltaður jarðvegur með mikið af rótum og gjósku linsum, og með smáum steinum á víð og dreif. Þar beint undir var 0.10 m þykkur blandaður jarðvegur (202) sem samanstóð af siltuðum sandi með fínni svartri gjósku. Lagið var svarbrúnt og innihélt nokkra ljósbrúna vikursteina. Neðst var járnríkur náttúrulegur jarðvegur (203) sem var brúnn siltaður jarðvegur með rauðum blæ og var 0.36 m+ þykkt. Í laginu var linsa af náttúrulegri rauðbrúnni möl (204) sem var um 15 cm þykkt.

Mynd 4. Horft yfir könnunarskurð 2 til suðurs. Ljsm. KSR.



Mynd 5. Snið og sniðteikning sem snýr í austur á könnunarskurði 2. Ljsm. og teikning: KSR.

3.3 Könnunarskurður 3

Könnunarskurður 3 var 5 m á lengd, 1 m á breidd og 0.60-0.80 m djúpur. Efst var yfirborðslag (301) sem var 0.40 m þykkur brúnn siltaður jarðvegur með mikið af rótum og gjósku linsum. Þar fyrir neðan var 0.22 m þykkur blandaður jarðvegur (302) sem var dökkur svarbrúnn siltaður sandur með fínni svartri gjósku og mikið af mýrarrauða. Undir því var náttúruleg möl (303) sem var rauðbrún möl og sandur með mjög mikið af smáum steinum (0.25 m þykkt). Neðst var svo náttúruleg möl (304) sem var 0.17 m+ þykk rauðbrún möl og sandur með mjög mikið af smáum steinum eins og (303) nema ljósari og með minni möl og grjóti.

Mynd 6. Horft yfir könnunarskurð 3 til norðurs. Ljsm. KSR



Mynd 7. Snið og sniðteikning sem snýr í vestur á könnunarskurði 2. Ljsm. og teikning: KSR.

3.4 Könnunarskurður 4

Könnunarskurður 4 var 5 m á lengd, 1 m á breidd og 0.70-1 m djúpur. Efst var yfirborðslag (401) sem var brúnn siltaður jarðvegur með mikið af rótum og nokkuð af gjósku linsum. Lagið var um 0.47 m á þykkt og innihélt fáa steina á víð og dreif. Þar undir var jarðlag (402) sem var 0.27 m þykkt ljós brúngrátt leirkennt silt með mikið af mýrarrauða. Næst var um 0.13 m þykk mjög fín svört gjóska (403) með linsu af brúnum jarðvegi. Þar undir voru lög af svartri fínni gjósku með brúnum jarðvegi á milli (404). Lagið var óreglulegt og um 0.17 m á þykkt. Neðst í skurðinum var náttúrulegur jarðvegur (405) sem var brúnt leirkennt silt með mýrarrauða á víð og dreif.

Mynd 8. Horft yfir könnunarskurð 4 til norðurs. Ljsm. KSR



Mynd 9. Snið og sniðteikning sem snýr í austur á könnunarskurði 4. Ljsm. og teikning: KSR.

3.5 Könnunarskurður 5

Könnunarskurður 5 var 5 m á lengd, 1 m á breidd og 0.80-0.90 m djúpur. Efst var yfirborðslag (501) sem var brúnn siltaður jarðvegur með mikið af rótum og nokkuð af gjósku linsum. Lagið var um 0.25 m á þykkt og innihélt fáa steina á víð og dreif. Þar undir var fín svargrá gjóska (502) sem var 0.07 m þykk og skellótt á sumum stöðum í skurðinum. Næst var ljósbúngrátt leirkennt silt með mikið af mýrarrauða (503) sem var 0.23 m þykkt. Þar undir var 0.05 m þykk mjög fín svört gjóska (504) með brúnum jarðvegi á milli. Þetta er sama gjóska (403) og í könnunarskurði 4. Neðst var náttúrulegur jarðvegur (505) sem var brúnt leirkennt silt með mýrarrauða á víða og dreif. Lagið er það sama og náttúrulegur jarðvegur (405) nema dekkra og mikið blautara í sér. Virðist vera þar sem mýrin er blautust.

Mynd 10. Horft yfir könnunarskurð 5 til suðurs. Ljsm. KSR



Mynd 11. Snið og sniðteikning sem snýr í vestur á könnunarskurði 5. Ljsm. og teikning: KSR.

3.6 Könnunarskurður 6

Könnunarskurður 6 var 20 m langur, 1 m á breidd og 0.75-1 m djúpur. Efst var yfirborðslag (601) sem var brúnn siltaður jarðvegur með mikið af rótum og nokkuð af gjósku linsum. Lagið var um 0.34 m á þykkt og innihélt fáa steina á víð og dreif. Næst var 0.29 m þykkt ljós-brúngrátt leirkennt silt með mikið af mýrarrauða (602), það sama og (402 og 503). Þar undir var 0.05 m þykk mjög fín svört gjóska (603) með brúnum jarðvegi á milli. Þetta er sama gjóska (403) og í könnunarskurði 4. Neðst í skurðinum var náttúrulegur mýrarjarðvegur (604). Lagið var lífrænn, mjög blautur, þéttur dökkbrúnn siltaður jarðvegur með mikið af rótum.

Mynd 12. Horf yfir könnunarskurð 6 til suðausturs. Ljsm. KSR



Mynd 13. Snið og sniðteikning sem snýr í suðaustur á könnunarskurði 6. Ljsm. og teikning: KSR.

3.7 Könnunarskurður 7

Könnunarskurður 7 var 20 m langur, 1 m breiður og 0.70-1.05 m djúpur. Efst var yfirborðslag (701) sem var brúnn siltaður jarðvegur með mikið af rótum og nokkuð af gjósku linsum. Lagið var um 0.28 m á þykkt og innihélt fáa steina á víð og dreif. Næst var 0.9 m þykkt ljósbrúngrátt leirkennt silt með mikið af mýrarrauða (702), það sama og (402). Neðst í skurðinum var náttúrulegur mýrarjarðvegur (703) sem var meira en 0.50 m á þykkt. Lagið var lífrænn, mjög blautur, þéttur dökkbrúnn siltaður jarðvegur með mikið af rótum.

Mynd 14. Horft yfir könnunarskurð 7 til suðausturs. Ljsm. KSR



Mynd 15. Snið og sniðteikning sem snýr í norðaustur á könnunarskurði 7. Ljsm. og teikning: KSR.

3.8 Könnunarskurður 8

Könnunarskurður 8 var 32.5 m langur, 1 m breiður og 0.80-1.10 m djúpur. Efst var yfirborðslag (801) sem var brúnn siltaður jarðvegur með mikið af rótum og nokkuð af gjósku linsum. Lagið var um 0.28 m á þykkt og innihélt fáa steina á víð og dreif. Næst var 0.30 m þykkt ljósbrúngrátt leirkennt silt með mikið af mýrarrauða (802), það sama og (402). Þar undir var 0.11 m þykk hreyfð og röskuð mjög fín svargrá gjóska (803). Gjóskan hafði grængráan jarðveg eða gjósku á milli. Neðst var svo náttúrulegur jarðvegur (804) sem var brúnt leirkennt silt með mýrarrauða á víð og dreif.

Mynd 16. Horft yfir könnunarskurð 8 til suðvesturs. Ljsm: KSR.



Mynd 17. Snið og sniðteikning sem snýr í norðvestur á könnunarskurði 8. Ljsm. og teikning: KSR.

3.9 Könnunarskurður 9

Könnunarskurður 9 var 20 m langur, 1 m breiður og 0.90-1.00 m djúpur. Efst var yfirborðslag (901) sem var brúnn siltaður jarðvegur með mikið af rótum og nokkuð af gjósku linsum. Lagið var um 0.26 m á þykkt og innihélt fáa steina á víð og dreif. Næst var 0.22 m þykkt ljós brúngrátt leirkennt silt með mikið af mýrarrauða (902), það sama og (402). Þar fyrir neðan var 0.15 m þykkur dökk brúngrár siltaður sandur (903) sem innihélt lítið af vindbornum kolaflygsum, smá gjósku og smáum steinum. Þar undir var 0.09 m þykk hreyfð og röskuð mjög fín svargrá gjóska (904). Gjóskan hafði grængráan jarðveg eða gjósku á milli. Neðst var náttúrulegur jarðvegur (906) sem var brúnt leirkennt silt með mýrarrauða á víð og dreif. Fín svargrá gjóskulinsa (905) sem var 0.05 m þykk var í laginu. Gjóskan var mjög skellótt og einungis sjáanleg sumstaðar í skurðinum.

Mynd 18. Horft yfir könnunarskurð 9 til norðvesturs. Ljsm. KSR.



Mynd 19. Snið og sniðteikning sem snýr í norðaustur á könnunarskurði 9. Ljsm. og teikning: KSR.

3.10 Könnunarskurður 10

Mynd 20. Horft yfir könnunarskurð 10 til suðurs. Ljsm. KSR.

Könnunarskurður 10 var 20 m langur, 1 m breiður og 0.70-0.87 m djúpur. Efst var yfirborðslag (1001) sem var brúnn siltaður jarðvegur með mikið af rótum og nokkuð af gjósku linsum. Lagið var um 0.38 m á þykkt og innihélt fáa steina á víð og dreif. Þar fyrir neðan var 0.30 m þykkur dökk-brúngrár siltaður sandur (1002) sem innihélt nokkuð af vindbornum kolaflygsum, smá gjósku og smáum steinum. Þar undir var jarðlag (1003) sem var ljós-brúngrár leirkennt silt með mikið af mýrarrauða. Lagið var 0.23 m þykkt og var svipað og (402) nema meira um kolaflögur og kolalinsur. Fín svört gjóska (1004) sem var 0.15 m þykk var þar undir. Neðst var náttúrulegur jarðvegur (1005) sem var brúnt leirkennt silt með mýrarrauða á víð og dreif.



Mynd 21. Snið og sniðteikning sem snýr í austur á könnunarskurði 10. Ljsm. og teikning: KSR.

3.11 Könnunarskurður 11

Könnunarskurður 11 var 20 m langur, 1 m breiður og 0.70-0.90 m djúpur. Efst var yfirborðslag (1101) sem var brúnn siltaður jarðvegur með mikið af rótum og nokkuð af gjósku linsum. Lagið var um 0.41 m á þykkt og innihélt fáa steina á víð og dreif. Þar undir var 0.10 m þykk hreyfð og röskuð mjög fín svargrá gjóska (1102). Gjóskan hafði grængráan jarðveg eða gjósku á milli. Næst var 0.35 m þykkur dökkbrúngrár siltaður sandur (1103) sem innihélt lítið af vindbornum kolaflygsum, smá gjósku og smáum steinum. Innan lagsins var 0.05 m þykk hvít/ ljósgrá gjóska (1104), líklega úr Öræfajökli 1362. Neðst var fín svört gjóska (1105).

Mynd 22. Horft yfir könnunarskurð 11 til suðurs. Ljsm. KSR.



Mynd 23. Snið og sniðteikning sem snýr í austur á könnunarskurði 11. Ljsm. og teikning: KSR.

3.12 Könnunarskurður 12

Könnunarskurður 12 var 20 m langur, 1 m breiður og 0.70-0.90 m djúpur. Efst var yfirborðslag (1201) sem var brúnn siltaður jarðvegur með mikið af rótum og nokkuð af gjósku linsum. Lagið var um 0.39 m á þykkt og innihélt fáa steina á víð og dreif. Þar fyrir neðan var 0.28 m þykk hreyfð og röskuð mjög fín svargrá gjóska (1202). Gjóskan hafði grængráan jarðveg eða gjósku á milli. Neðst var svo náttúrulegur jarðvegur (1203) sem var brúnt leirkennt silt með mýrarrauða á víð og dreif.

Mynd 24. Horft yfir könnunarskurð 12 til norðvesturs. Ljsm. KSR.



Mynd 25. Snið og sniðteikning sem snýr í suðvestur á könnunarskurði 12. Ljsm: AR og teikning: KSR.

3.13 Könnunarskurður 13

Könnunarskurður 13 var 20 m langur, 1 m breiður og 0.65-1 m djúpur. Efst var yfirborðslag (1301) sem var brúnn siltaður jarðvegur með mikið af rótum og nokkuð af gjósku linsum. Lagið var um 0.31 m á þykkt og innihélt fáa steina á víð og dreif. Þar fyrir neðan var 0.17 m þykk hreyfð og röskuð mjög fín svargrá gjóska (1302). Gjóskan hafði grængráan jarðveg eða gjósku á milli. Næst var 0.09 m þykkur dökkbrúngrár siltaður sandur (1303) sem innihélt lítið af vindbornum kolaflygsum, smá gjósku og smáa steina. Þar undir var 0.09 m þykk hvít/ ljósgrá gjóska (1304), líklega úr Öræfajökli 1362. Neðst í skurðinum var náttúrulegur mýrarjarðvegur (1305). Lagið var lífrænt, mjög blautur og þéttur dökkbrúnn siltaður jarðvegur með mikið af rótum.

Mynd 26. Horft yfir könnunarskurð 13 til norðausturs. Ljsm. KSR.



Mynd 27. Snið og sniðteikning sem snýr í norðvestur á könnunarskurði 13. Ljsm: AR og teikning: KSR.

3.14 Könnunarskurður 14

Könnunarskurður 14 var 24 m langur, 1 m breiður og 0.80-0.95 m djúpur. Efst var yfirborðslag (1401) sem var mjög blautur, rótarmikill dökkbrúnn og þéttur mýrarjarðvegur sem var um 0.32 m á þykkt. Þar undir var blandaður þéttur jarðvegur (1402) sem var 0.30 m á þykkt. Mjög blautur, rótarmikill og með gjósku skellum hér og þar sem hefur ekkert lag á. Líklega hreyfður jarðvegur eða náttúruleg hreyfing á jarðvegi í mýri. Næst var sendið mýrarlag (1403) sem var 0.15 m á þykkt og svipaði mikið til náttúrulegs mýrarlags (1404) að neðan, en hafði meira sand og gjósku blandað við. Neðst í skurðinum var náttúrulegur mýrarjarðvegur (1404). Lagið var lífrænt, mjög blautur og þéttur dökkbrúnn siltaður jarðvegur með mikið af rótum.

Mynd 28. Horft yfir könnunarskurð 14 til norðausturs. Ljsm. KSR.



Mynd 29. Snið og sniðteikning sem snýr í norðvestur á könnunarskurði 14. Ljsm: AR og teikning: KSR.

3.15 Könnunarskurður 15

Könnunarskurður 15 var 10 m langur, 1 m breiður og 0.77-1 m djúpur. Efst var yfirborðslag (1501) sem var mjög blautur, rótarmikill dökkbrúnn og þéttur mýrarjarðvegur sem var um 0.24 m á þykkt. Þar undir var blandaður þéttur jarðvegur (1502) sem var 0.29 m á þykkt. Mjög blautur, rótarmikill og með gjósku skellum hér og þar sem hefur ekkert lag á. Líklega hreyfður jarðvegur eða náttúruleg hreyfing á jarðvegi í mýri. Næst var gjóskulag (1503) sem var svargrá gjóska sem var 0.04 m á þykkt. Neðst í skurðinum var náttúrulegur mýrarjarðvegur (1504). Lagið var lífrænt, mjög blautur og þéttur dökkbrúnn siltaður jarðvegur með mikið af rótum.

Mynd 30. Horft yfir könnunarskurð 15 til norðausturs. Ljsm. KSR.



Mynd 31. Snið og sniðteikning sem snýr í norðvestur á könnunarskurði 15. Ljsm: AR og teikning: KSR.

3.16 Könnunarskurður 16

Könnunarskurður 16 var 43 m langur, 1 m breiður og 0.40-0.70 m djúpur. Efst var yfirborðslag (1601) sem var mjög blautur, rótarmikill dökkbrúnn og þéttur mýrarjarðvegur sem var um 0.27 m á þykkt. Þar undir var svargrá gjóska (1602) sem var 0.22 m á þykkt. Neðst í skurðinum var náttúrulegur mýrarjarðvegur (1603). Lagið var lífrænt, mjög blautur og þéttur dökkbrúnn siltaður jarðvegur með mikið af rótum.

Mynd 32. Horft yfir könnunarskurð 16 til norðvesturs. Ljsm. KSR.



Mynd 33. Snið og sniðteikning sem snýr í suðvestur á könnunarskurði 16. Ljsm: AR og teikning: KSR.

4. GRIPIR OG SÝNI

Engir gripir fundust og engin sýni voru tekin.

5. NIÐURSTÖÐUR

Alls voru 16 könnunarskurðir grafnir og voru engar fornminjar sjáanlegar í skurðunum. Minnka þurfti svæðið sem þurfti að kanna þar sem rotþró og skurður þess lá meðfram öllu svæðinu frá norðaustri til suðvesturs.

Kolaflygsur voru sjáanlegar í fjórum skurðum í vestur enda svæðis (9, 10, 11 og 13), sem er ekki óvenjulegt miðað við nálægð við bæjarstæði Rauðabergs II, en enga samfellda mannvist var að sjá. Svæðið sunnan við bæjarstæðið einkennist af mýri og fór grunnvatn að vella upp í skurðunum við uppgröft og voru allir skurðir fullir af vatni eftir að þeir voru grafnir. Skurðir 7, 13, 14, 15 og 16 voru mjög blautir og höfðu að geyma mýarjarðlög. Ljóst er að suðaustur endi svæðisins sé blautastur og verður jarðvegur þurrari því ofar og norðar í túnið er farið.

Sömu jarðlög voru að sjá í flestum skurðunum. Þar var ljós brúngrátt leirkennt silt með mikið af mýrarrauða var sjáanlegt í skurðum 4, 5, 6, 7, 8, 9 og 10. Fín svört gjóska var sjáanleg í skurðum 4, 5, 6, og 9. Fín svargrá gjóska með grængráum jarðvegi eða gjósku á milli var sjáanleg í skurðum 11, 12 og 13. Hvít/ ljósgrá gjóska, líklega úr Öræfajökli 1362, var sjáanleg í skurðum 11, 12 og 13.

Þó svo að engar mannvistarleifar voru sjáanlegar í skurðunum geta minjar leynst undir sverði innan afmörkunar könnunarsvæðis. Eins er vert að minna á að finnist áður óþekktar fornminjar við framkvæmdir ber að stöðva framkvæmdina strax og tilkynna fundinn til Minjastofnunar Íslands sem tekur svo ákvörðun um framhaldið.

Mynd 34. Mynd tekin með dróna af skurðum innan afmörkun könnunarsvæðis við lok rannsóknar. Ljsm. AR.

6. HEIMILDASKRÁ

Sólveig G. Beck, Kristjana Vilhjálmsdóttir og Brynja Árnadóttir. 2024. Skýrsla nr. FS987-24071.

Þingvangur. 2024. *Deiliskipulag Rauðaberg 2, Hornafjörður*.

Óútgefnar heimildir

Bréf minjastofnunnar frá 10.janúar 2025. ÞEH/SIT.

7. KORT


Skurður 9
Skurður 11
Skurður 10
Skurður 8
Skurður 12
Skurður 13
Skurður 5
Skurður 14
Skurður 6
Skurður 3
Skurður 1
Skurður 15
Skurður 7
Skurður 4
Skurður 2
Skurður 16
NÁTTÚRUSTOFA VESTFJARÐA
Fornleifadeild
Skýringar
Staðsetning sniðs
Skurðir
Rotþró útlínur
Framkvæmdarsvæði
0 10 20 m
Kort af skipulagssvæðinu og staðsetning skurða.
Mælikvarði 1:1100 Dags. 24.07.2025
Náttúrustofa Vestfjarða Kristín Sylvía Ragnarsdóttir

8. TEIKNINGAR



Snið sem snýr í vestur á könnunarskurði 1
Skali 1:10



Snið sem snýr í austur á könnunarskurði 2
Skali 1:10



Snið sem snýr í vestur á könnunarskurði 3
Skali 1:10



Snið sem snýr í austur á könnunarskurði 4
Skali 1:10



Snið sem snýr í vestur á könnunarskurði 5
Skali 1:10



Snið sem snýr í norðaustur á könnunarskurði 6
Skali 1:10



Snið sem snýr í norðaustur á könnunarskurði 7
Skali 1:10



Snið sem snýr í norðvestur á könnunarskurði 8
Skali 1:10



Snið sem snýr í norðaustur á könnunarskurði 9
Skali 1:10



Snið sem snýr í austur á könnunarskurði 10
Skali 1:10



Snið sem snýr í austur á könnunarskurði 11
Skali 1:10



Snið sem snýr í suðvestur á könnunarskurði 12
Skali 1:10



Snið sem snýr í norðvestur á könnunarskurði 13
Skali 1:10



Snið sem snýr í norðvestur á könnunarskurði 14
Skali 1:10



Snið sem snýr í norðvestur á könnunarskurði 15
Skali 1:10



Snið sem snýr í suðvestur á könnunarskurði 16
Skali 1:10

9. SKRÁR

9.1 Contextaskrá

Context	Gerð	Skurður	Dagsetning	Nafn	Lýsing
101	Yfirborðslag	1	11.06.2025	KSR	Yfirborðslag. Brúnn siltaður sandur með mikið af steinum og möl. Virðist vera raskaður og þurrari jarðvegur en yfirborðið í öllum hinum skurðunum.
102	Náttúrulegur	1	11.06.2025	KSR	Náttúruleg möl. Rauðbrún möl og sandur með mjög mikið af smáum steinum. Mölin er grófari í norður enda og fínni í suður enda skurðar.
201	Yfirborðslag	2		KSR	Yfirborðslag. Brúnn siltaður jarðvegur með mikið af rótum og gjósku linsum. Fáir litlir steinar a víð og dreif.
202	Jarðlag	2	10.06.2025	KSR	Blandaður jarðvegur sem samanstóð af siltuðum sandi með fínni svartri gjósku. Lagið var dökk svarbrúnt sem ljósbrúnum vikursteinum.
203	Náttúrulegur	2	10.06.2025	KSR	Náttúrulegur jarðvegur. Brúnt silt með rauðum blæ með linsu af náttúrulegri möl (204) í laginu. Járnríkur jarðvegur
204	Náttúrulegur	2	10.06.2025	KSR	Náttúruleg möl. Rauðbrún möl og sandur með mjög mikið af smáum steinum. Sama og (102).
301	Yfirborðslag	3	10.06.2025	KSR	Yfirborðslag. Brúnn siltaður jarðvegur með mikið af rótum og gjósku linsum. Fáir litlir steinar a víð og dreif.
302	Jarðlag	3	10.06.2025	KSR	Blandaður jarðvegur sem samanstóð af siltuðum sandi með fínni svartri gjósku. Lagið var dökk svarbrúnt með mýrarrauða inn á milli. Sama og (202).
303	Jarðlag	3	10.06.2025	KSR	Náttúruleg möl. Svipuð og náttúruleg möl (304) að neðan. Nema dekkri og með stærri möl og grjóti. Rauðbrún möl og sandur með mjög mikið af smáum steinum.
304	Náttúrulegur	3	10.06.2025	KSR	Náttúruleg möl. Rauðbrún möl og sandur með mjög mikið af smáum steinum. Sama og (102).
401	Yfirborðslag	4	10.06.2025	KSR	Yfirborðslag. Brúnn siltaður jarðvegur með mikið af rótum og gjósku linsum. Fáir litlir steinar a víð og dreif.
402	Jarðlag	4	10.06.2025	KSR	Brúnt/ ljós brúngrátt leirkennt silt með mikið af mýrarrauða.

Context	Gerð	Skurður	Dagsetning	Nafn	Lýsing
403	Gjóska	4	10.06.2025	KSR	Mjög fín svört gjóska með linsu af brúnum jarðvegi í.
404	Gjóska og jarðlag	4	10.06.2025	KSR	Lög af gjósku og með jarðveg á milli. Svört fín gjóska með brúnum jarðveg á milli.
405	Náttúrulegur	4	10.06.2025	KSR	Náttúrulegur jarðvegur. Brúnt leirkennt silt með mýrarrauða á víða og dreif.
501	Yfirborðslag	5	10.06.2025	KSR	Yfirborðslag. Brúnn siltaður jarðvegur með mikið af rótum og gjósku linsum. Fáir litlir steinar a víð og dreif.
502	Gjóska	5	10.06.2025	KSR	Fín svargrá gjóska. Skellótt á sumum stöðum.
503	Jarðlag	5	10.06.2025	KSR	Brúnt/ ljós brúngrátt leirkennt silt með mikið af mýrarrauða. Sama og (402)
504	Gjóska	5	10.06.2025	KSR	Mjög fín svört gjóska með linsu af brúnum jarðvegi í. Sama og (403).
505	Náttúrulegur	5	10.06.2025	KSR	Náttúrulegur jarðvegur. Brúnt leirkennt silt með mýrarrauða á víða og dreif. Sama og (405) nema dekkra og mikið blautar í sér. Virðist vera þar sem mýrin er blautust.
601	Yfirborðslag	6	10.06.2025	KSR	Yfirborðslag. Brúnn siltaður jarðvegur með mikið af rótum og gjósku linsum. Fáir litlir steinar a víð og dreif.
602	Jarðlag	6	10.06.2025	KSR	Brúnt/ ljós brúngrátt leirkennt silt með mikið af mýrarrauða. Sama og (402)
603	Gjóska	6	10.06.2025	KSR	Mjög fín svört gjóska með linsu af brúnum jarðvegi í. Sama og (403).
604	Jarðlag	6	10.06.2025	KSR	Mýri. Lífrænt, vatnssósa jarðvegur. Þéttur dökk brúnt silt með mikið af rótum.
701	Yfirborðslag	7	10.06.2025	KSR	Yfirborðslag. Brúnn siltaður jarðvegur með mikið af rótum og gjósku linsum. Fáir litlir steinar a víð og dreif.
702	Jarðlag	7	10.06.2025	KSR	Brúnt/ ljós brúngrátt leirkennt silt með mikið af mýrarrauða. Sama og (402)
703	Jarðlag	7	10.06.2025	KSR	Mýri. Lífrænt, vatnssósa jarðvegur. Þéttur dökk brúnt silt með mikið af rótum. Sama og (604)
801	Yfirborðslag	8	10.06.2025	KSR	Yfirborðslag. Brúnn siltaður jarðvegur með mikið af rótum og gjósku linsum. Fáir litlir steinar a víð og dreif.

Context	Gerð	Skurður	Dagsetning	Nafn	Lýsing
802	Jarðlag	8	10.06.2025	KSR	Brúnt/ ljós brúngrátt leirkennt silt með mikið af mýrarrauða. Sama og (402)
803	Gjóska	8	10.06.2025	KSR	Gjóskulög með smá jarðveg á milli. Raskað og hreyft. Svargrátt fín gjóska. Tvær svartar línur með grængráum jarðveg eða gjósku á milli.
804	Náttúrulegur	8	10.06.2025	KSR	Náttúrulegur jarðvegur. Brúnt leirkennt silt með mýrarrauða á víða og dreif. Sama og (405).
901	Yfirborðslag	9	11.06.2025	KSR	Yfirborðslag. Brúnn siltaður jarðvegur með mikið af rótum og gjósku linsum. Fáir litlir steinar a víð og dreif.
902	Jarðlag	9	11.06.2025	KSR	Brúnt/ ljós brúngrátt leirkennt silt með mikið af mýrarrauða. Sama og (402)
903	Jarðlag	9	11.06.2025	KSR	Dökk brúngrár siltaður sandur með eitthvað lítið af vindbornum kolaflygsum, smá gjósku og smáum steinum.
904	Gjóska og jarðlag	9	11.06.2025	KSR	Gjóskulög með smá jarðveg á milli. Raskað og hreyft. Svargrátt fín gjóska. Tvær svartar línur með grængráum jarðveg eða gjósku á milli. Sama og (803).
905	Gjóska	9	11.06.2025	KSR	Fín svargrá gjóska. Skellótt á sumum stöðum. Sama og (403).
906	Náttúrulegur	9	11.06.2025	KSR	Náttúrulegur jarðvegur. Brúnt leirkennt silt með mýrarrauða á víða og dreif. Sama og (405).
1001	Yfirborðslag	10	11.06.2025	KSR	Yfirborðslag. Brúnn siltaður jarðvegur með mikið af rótum og gjósku linsum. Fáir litlir steinar a víð og dreif.
1002	Jarðlag	10	11.06.2025	KSR	Dökk brúngrár siltaður sandur með eitthvað lítið af vindbornum kolaflygsum, smá gjósku og smáum steinum. Sama og (903) nema með aðeins meira kolaflögum.
1003	Jarðlag	10	11.06.2025	KSR	Brúnt/ ljós brúngrátt leirkennt silt með mikið af mýrarrauða. Sama og (402) nema meira um kolaflögur og kolalinsur. Ekkert sem bendir til mannvistar en búast má við þessu svo nálægt bæ.
1004	Gjóska	10	11.06.2025	KSR	Mjög fín svört gjóska. Sama og (403).
1005	Náttúrulegur	10	11.06.2025	KSR	Náttúrulegur jarðvegur

Context	Gerð	Skurður	Dagsetning	Nafn	Lýsing
1101	Yfirborðslag	11	11.06.2025	KSR	Yfirborðslag. Brúnn siltaður jarðvegur með mikið af rótum og gjósku linsum. Fáir litlir steinar a víð og dreif.
1102	Gjóska og jarðlag	11	11.06.2025	KSR	Gjóskulög með smá jarðveg á milli. Raskað og hreyft. Svargrátt fín gjóska. Tvær svartar línur með grængráum jarðveg eða gjósku á milli. Sama og (803).
1103	Jarðlag	11	11.06.2025	KSR	Dökk brúngrár siltaður sandur með eitthvað lítið af vindbornum kolaflygsum, smá gjósku og smáum steinum. Sama og (903) nema með minna af kolaflögum.
1104	Gjóska	11	11.06.2025	KSR	Hvít/ljósgrá gjóska. Líklega úr Öræfajökli 1362.
1105	Gjóska	11	11.06.2025	KSR	Mjög fín svört gjóska. Sama og (403).
1201	Yfirborðslag	12	11.06.2025	KSR	Yfirborðslag. Brúnn siltaður jarðvegur með mikið af rótum og gjósku linsum. Fáir litlir steinar a víð og dreif.
1202	Gjóska og jarðlag	12	11.06.2025	KSR	Gjóskulög með smá jarðveg á milli. Raskað og hreyft. Svargrátt fín gjóska. Tvær svartar línur með grængráum jarðveg eða gjósku á milli. Sama og (803).
1203	Jarðlag	12	11.06.2025	KSR	Mýri. Lífrænt, vatnssósa jarðvegur. Þéttur dökk brúnt silt með mikið af rótum. Sama og (604).
1301	Yfirborðslag	13	11.06.2025	KSR	Yfirborðslag. Brúnn siltaður jarðvegur með mikið af rótum og gjósku linsum. Fáir litlir steinar a víð og dreif.
1302	Gjóska og jarðlag	13	11.06.2025	KSR	Gjóskulög með smá jarðveg á milli. Raskað og hreyft. Svargrátt fín gjóska. Tvær svartar línur með grængráum jarðveg eða gjósku á milli. Sama og (803).
1303	Jarðlag	13	11.06.2025	KSR	Dökk brúngrár siltaður sandur með eitthvað lítið af vindbornum kolaflygsum, smá gjósku og smáum steinum. Sama og (903).
1304	Gjóska	13	11.06.2025	KSR	Hvít/ljósgrá gjóska. Líklega úr Öræfajökli 1362. Sama og (1104).
1305	Jarðlag	13	11.06.2025	KSR	Mýri. Lífrænt, vatnssósa jarðvegur. Þéttur dökk brúnt silt með mikið af rótum. Sama og (604).
1401	Yfirborðslag	14	11.06.2025	KSR	Yfirborðslag. Mjög blautur, rótarmikill dökkbrúnn og þéttur mýrarjarðvegur.

Context	Gerð	Skurður	Dagsetning	Nafn	Lýsing
1402	Jarðlag	14	11.06.2025	KSR	Blandaður þéttur jarðvegur. Mjög blautur, rótarmikill og með gjósku skellum hér og þar sem hefur ekkert lag á. Líklega hreyfður jarðvegur eða náttúruleg hreyfing á jarðvegi í mýri.
1403	Jarðlag	14	11.06.2025	KSR	Sendið mýrarlag. Svipað og náttúruleg mýi (604) en hefur sand sem er líklegast blandaður með gjósku.
1404	Jarðlag	14	11.06.2025	KSR	Mýri. Lífrænt, vatnssósa jarðvegur. Þéttur dökk brúnt silt með mikið af rótum. Sama og (604).
1501	Yfirborðslag	15	11.06.2025	KSR	Yfirborðslag. Mjög blautur, rótarmikill dökkbrúnn og þéttur mýrarjarðvegur. Sama og (1401).
1502	Jarðlag	15	11.06.2025	KSR	Blandaður þéttur jarðvegur. Mjög blautur, rótarmikill og með gjósku skellum hér og þar sem hefur ekkert lag á. Líklega hreyfður jarðvegur eða náttúruleg hreyfing á jarðvegi í mýri.
1503	Gjóska	15	11.06.2025	KSR	Fín svargrá gjóska. Skellótt á sumum stöðum. Sama og (403).
1504	Jarðlag	15	11.06.2025	KSR	Mýri. Lífrænt, vatnssósa jarðvegur. Þéttur dökk brúnt silt með mikið af rótum. Sama og (604).
1601	Yfirborðslag	16	11.06.2025	KSR	Yfirborðslag. Mjög blautur, rótarmikill dökkbrúnn og þéttur mýrarjarðvegur. Sama og (1401).
1602	Gjóska	16	11.06.2025	KSR	Fín svargrá gjóska. Skellótt á sumum stöðum. Sama og (403).
1603	Jarðlag	16	11.06.2025	KSR	Mýri. Lífrænt, vatnssósa jarðvegur. Þéttur dökk brúnt silt með mikið af rótum. Sama og (604).

9.2 Ljósmyndaskrá

Nr.	Mynda nr.	Skurður	Átt	Nafn	Dagsetning	Lýsing
1	100-5737	2	S	KSR	10.6.2025	Horft yfir könnunarskurð 2 til suðurs.
2	100-5738	2	S	KSR	10.6.2025	Horft yfir könnunarskurð 2 til suðurs.
3	100-5739	2	N	KSR	10.6.2025	Horft yfir könnunarskurð 2 til norðurs.
4	100-5740	2	N	KSR	10.6.2025	Horft yfir könnunarskurð 2 til norðurs.
5	100-5741	2	V	KSR	10.6.2025	Snið sem snýr í austur á könnunarskurði 2.
6	100-5742	3	S	KSR	10.6.2025	Horft yfir könnunarskurð 3 til suðurs.
7	100-5743	3	S	KSR	10.6.2025	Horft yfir könnunarskurð 3 til suðurs.
8	100-5744	3	N	KSR	10.6.2025	Horft yfir könnunarskurð 3 til norður.
9	100-5745	3	N	KSR	10.6.2025	Horft yfir könnunarskurð 3 til suðurs.
10	100-5746	3	A	KSR	10.6.2025	Snið sem snýr í vestur á könnunarskurði 3.
11	100-5747	3	A	KSR	10.6.2025	Snið sem snýr í vestur á könnunarskurði 3.
12	100-5748	4	S	KSR	10.6.2025	Horft yfir könnunarskurð 4 til suðurs.
13	100-5749	4	S	KSR	10.6.2025	Horft yfir könnunarskurð 4 til suðurs.
14	100-5750	4	N	KSR	10.6.2025	Horft yfir könnunarskurð 4 til norðurs.
15	100-5751	4	N	KSR	10.6.2025	Horft yfir könnunarskurð 4 til norðurs.
16	100-5752	4	A	KSR	10.6.2025	Snið sem snýr í austur á könnunarskurði 4.
17	100-5753	4	A	KSR	10.6.2025	Snið sem snýr í austur á könnunarskurði 4.
18	100-5754	5	N	KSR	10.6.2025	Horft yfir könnunarskurð 5 til norðurs.
19	100-5755	5	N	KSR	10.6.2025	Horft yfir könnunarskurð 5 til norðurs.
20	100-5756	5	S	KSR	10.6.2025	Horft yfir könnunarskurð 5 til suðurs.
21	100-5757	5	S	KSR	10.6.2025	Horft yfir könnunarskurð 5 til suðurs.
22	100-5758	5	A	KSR	10.6.2025	Snið sem snýr í vestur á könnunarskurði 5.
23	100-5759	5	A	KSR	10.6.2025	Snið sem snýr í vestur á könnunarskurði 5.
24	100-5760	6	NV	KSR	10.6.2025	Horft yfir könnunarskurð 6 til norðvesturs.
25	100-5761	6	NV	KSR	10.6.2025	Horft yfir könnunarskurð 6 til norðvesturs.
26	100-5762	6	SA	KSR	10.6.2025	Horft yfir könnunarskurð 6 til Suðausturs.
27	100-5763	6	SA	KSR	10.6.2025	Horft yfir könnunarskurð 6 til suðausturs.
28	100-5764	6	SV	KSR	10.6.2025	Snið sem snýr í norðaustur á könnunarskurði 6.
29	100-5765	6	SV	KSR	10.6.2025	Snið sem snýr í norðaustur á könnunarskurði 6.
30	100-5766	7	NV	KSR	10.6.2025	Horft yfir könnunarskurð 7 til norðvesturs.
31	100-5767	7	NV	KSR	10.6.2025	Horft yfir könnunarskurð 7 til norðvesturs.
32	100-5768	7	SA	KSR	10.6.2025	Horft yfir könnunarskurð 7 til suðausturs.

33	100-5769	7	SA	KSR	10.6.2025	Horft yfir könnunarskurð 7 til suðausturs.
34	100-5770	7	SV	KSR	10.6.2025	Snið sem snýr í norðaustur á könnunarskurði 7.
35	100-5771	7	SV	KSR	10.6.2025	Snið sem snýr í norðaustur á könnunarskurði 7.
36	100-5772	1	S	KSR	10.6.2025	Horft yfir könnunarskurð 1 til suðurs.
37	100-5773	1	S	KSR	10.6.2025	Horft yfir könnunarskurð 1 til suðurs.
38	100-5774	1	N	KSR	10.6.2025	Horft yfir könnunarskurð 1 til norðurs.
39	100-5775	1	N	KSR	10.6.2025	Horft yfir könnunarskurð 1 til norðurs.
40	100-5776	1	A	KSR	10.6.2025	Snið sem snýr í vestur á könnunarskurði 1.
41	100-5777	8	SV	KSR	10.6.2025	Horft yfir könnunarskurð 8 til suðvesturs.
42	100-5778	8	SV	KSR	10.6.2025	Horft yfir könnunarskurð 8 til suðvesturs.
43	100-5779	8	NA	KSR	10.6.2025	Horft yfir könnunarskurð 8 til norðausturs.
44	100-5780	8	NA	KSR	10.6.2025	Horft yfir könnunarskurð 8 til norðausturs.
45	100-5781	8	SA	KSR	10.6.2025	Snið sem snýr í norðvestur á könnunarskurði 8.
46	100-5782	8	SA	KSR	10.6.2025	Snið sem snýr í norðvestur á könnunarskurði 8.
47	100-5783	10	S	KSR	10.6.2025	Horft yfir könnunarskurð 10 til suðurs.
48	100-5784	10	S	KSR	10.6.2025	Horft yfir könnunarskurð 10 til suðurs.
49	100-5785	10	N	KSR	10.6.2025	Horft yfir könnunarskurð 10 til norðurs.
50	100-5786	10	N	KSR	10.6.2025	Horft yfir könnunarskurð 10 til norðurs.
51	100-5787	10	N	KSR	10.6.2025	Horft yfir könnunarskurð 10 til norðurs.
52	100-5788	11	S	KSR	10.6.2025	Horft yfir könnunarskurð 11 til suðurs.
53	100-5789	11	S	KSR	10.6.2025	Horft yfir könnunarskurð 11 til suðurs.
54	100-5790	11	N	KSR	10.6.2025	Horft yfir könnunarskurð 11 til norðurs.
55	100-5791	11	N	KSR	10.6.2025	Horft yfir könnunarskurð 11 til norðurs.
56	100-5792	12	NV	KSR	10.6.2025	Horft yfir könnunarskurð 12 til norðvesturs.
57	100-5793	12	NV	KSR	10.6.2025	Horft yfir könnunarskurð 12 til norðvesturs.
58	100-5794	12	SA	KSR	10.6.2025	Horft yfir könnunarskurð 12 til suðausturs.
59	100-5795	12	SA	KSR	10.6.2025	Horft yfir könnunarskurð 12 til suðausturs.
60	100-5796	13	SV	KSR	10.6.2025	Horft yfir könnunarskurð 13 til suðvesturs.
61	100-5797	13	SV	KSR	10.6.2025	Horft yfir könnunarskurð 13 til suðvesturs.
62	100-5798	13	NA	KSR	10.6.2025	Horft yfir könnunarskurð 13 til norðausturs.
63	100-5799	13	NA	KSR	10.6.2025	Horft yfir könnunarskurð 13 til norðausturs.
64	100-5800	14	SV	KSR	10.6.2025	Horft yfir könnunarskurð 14 til suðvesturs.

65	100-5801	14	SV	KSR	10.6.2025	Horft yfir könnunarskurð 14 til suðvesturs.
66	100-5802	14	NA	KSR	10.6.2025	Horft yfir könnunarskurð 14 til norðausturs.
67	100-5803	14	NA	KSR	10.6.2025	Horft yfir könnunarskurð 14 til norðausturs.
68	100-5804	15	SV	KSR	10.6.2025	Horft yfir könnunarskurð 15 til suðvesturs.
69	100-5805	15	SV	KSR	10.6.2025	Horft yfir könnunarskurð 15 til suðvesturs.
70	100-5806	15	NA	KSR	10.6.2025	Horft yfir könnunarskurð 15 til norðausturs.
71	100-5807	15	NA	KSR	10.6.2025	Horft yfir könnunarskurð 15 til norðausturs.
72	100-5808	16	SA	KSR	10.6.2025	Horft yfir könnunarskurð 16 til suðausturs.
73	100-5809	16	SA	KSR	10.6.2025	Horft yfir könnunarskurð 16 til suðausturs.
74	100-5810	16	NV	KSR	10.6.2025	Horft yfir könnunarskurð 16 til norðvesturs.
75	100-5811	16	NV	KSR	10.6.2025	Horft yfir könnunarskurð 16 til norðvesturs.
76	100-5812	9	NV	KSR	10.6.2025	Horft yfir könnunarskurð 9 til norðvesturs.
77	100-5813	9	NV	KSR	10.6.2025	Horft yfir könnunarskurð 9 til norðvesturs.
78	100-5814	9	SA	KSR	10.6.2025	Horft yfir könnunarskurð 9 til suðausturs.
79	100-5815	9	SA	KSR	10.6.2025	Horft yfir könnunarskurð 9 til suðausturs.
80	100-5816	9	SV	KSR	10.6.2025	Snið sem snýr í norðaustur á könnunarskurði 9.
81	100-5817	9	SV	KSR	10.6.2025	Snið sem snýr í norðaustur á könnunarskurði 9.
82	100-5818	10	V	KSR	10.6.2025	Snið sem snýr í austur á könnunarskurði 10.
83	100-5819	10	V	KSR	10.6.2025	Snið sem snýr í austur á könnunarskurði 10.
84	100-5820	11	V	KSR	10.6.2025	Snið sem snýr í austur á könnunarskurði 11.
85	100-5821	11	V	KSR	10.6.2025	Snið sem snýr í austur á könnunarskurði 11.
86	100-5822	12	NA	AR	11.6.2025	Snið sem snýr í suðvestur á könnunarskurði 12.
87	100-5823	12	NA	AR	11.6.2025	Snið sem snýr í suðvestur á könnunarskurði 12.
88	100-5824	13	SA	AR	11.6.2025	Snið sem snýr í norðvestur á könnunarskurði 13.
89	100-5825	13	SA	AR	11.6.2025	Snið sem snýr í norðvestur á könnunarskurði 13.
90	100-5826	14	SA	AR	11.6.2025	Snið sem snýr í norðvestur á könnunarskurði 14.

91	100-5827	14	SA	AR	11.6.2025	Snið sem snýr í norðvestur á könnunarskurði 14.
92	100-5828	15	SA	AR	11.6.2025	Snið sem snýr í norðvestur á könnunarskurði 15.
93	100-5829	15	SA	AR	11.6.2025	Snið sem snýr í norðvestur á könnunarskurði 15.
94	100-5830	16	NA	AR	11.6.2025	Snið sem snýr í suðvestur á könnunarskurði 16.
95	100-5831	16	NA	AR	11.6.2025	Snið sem snýr í suðvestur á könnunarskurði 16.

9.3 Teikningaskrá

Teikning nr.	Skali	Gerð	Dags.	Nafn	Lýsing
1	1:10	Snið	10.06.2025	KSR	A: Snið sem snýr í vestur á könnunarskurði 1. B: Snið sem snýr austur á könnunarskurði 2. C: Snið sem snýr í vestur á könnunarskurði 3.
2	1:10	Snið	10.06.2025	KSR	A: Snið sem snýr í austur á könnunarskurði 4. B: Snið sem snýr í vestur á könnunarskurði 5. C: Snið sem snýr í norðaustur á könnunarskurði 6.
3	1:10	Snið	11.06.2025	KSR	A: Snið sem snýr í norðaustur á könnunarskurði 7. B: Snið sem snýr í suðaustur á könnunarskurði 8. C: Snið sem snýr í norðaustur könnunarskurði 9
4	1:10	Snið	11.06.2025	KSR	A: Snið sem snýr í austur á könnunarskurði 10. B: Snið sem snýr í austur á könnunarskurði 11. C: Snið sem snýr í suðvestur á könnunarskurði 12 D: Snið sem snýr í norðvestur á könnunarskurði 13.
5	1:10	Snið	11.06.2025	KSR	A: Snið sem snýr í norðvestur á könnunarskurði 14. B: Snið sem snýr í norðvestur á könnunarskurði 15. C: Snið sem snýr í suðvestur á könnunarskurði 16.